

1872.

29. júní.

Með konungsúrskurði 4. maí þ. a. var allramildilegast samþykkt, að setja landshöfðingja yfir Ísland frá 1. apríl 1873, og hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 29. júní þ. á. allramildilegast að fela henni á hendur, að gefa út erindisbréf fyrir landshöfðingjann, og enn fremur auk annars að fallast á:

að landshöfðingja, sem skal hafa sömu nafnbótartign og stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft, skuli veittir 4000 rd. í árleg laun, 1000 rd. til borðfjár, 1200 rd. til skrifstofukostnaðar og afnot embættisbústaðar og jarðar, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft; samt skal hann vera laus við að borga leigur af byggingarskuld þeirri, sem nú hvílir á stiptamtmannshúsinu, og borga nokkuð uppí skuldina,

að skipaður verði skrifari við landshöfðingja-embættið frá 1. apríl 1873; skulu honum veittir í árleg laun, í upphafi 800 rd., sem vaxa um 100 rd. fyrir hver 2 embættisár, unz þau eru orðin 1200 rd.;

að suður- og vesturamt Íslands, sem að öðru leyti eins og hingaðtil framvegis skulu vera tvö sèrstök umdæmi, skuli lögð undir einn amtmann; skal hann hafa aðsetur í Reykjavík og ásamt með biskupi hafa á hendi þau embættisstörf, sem á stiptsyfirvöldunum hvíla; amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skulu veitt í árleg laun, upphaflega 2,400 rd., sem vaxa um 200 rd. fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 3,200 rd., auk 300 rd. í húsaleigustyrk, og 800 rd. til skrifstofukostnaðar.

1. júlí.

72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um burtfararpróf við prestaskólann eftir eins árs undirbúning.

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 14. f. m., og þar sem póstaðgreiðslumaður Óli Finsen, sækir um fyrir stúdentana Jón Halldórsson og Steingrím Jónsson, að þeim verði leyft að ganga undir burtfararpróf frá prestaskólanum í Reykjavík eftir eins árs undir-

búning, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt stæða til að bera þetta mál upp fyrir konungi.

1872.

1. júlí.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um leigumála brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu.

6. júlí.

Um leið og vör til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 15. ápríl þ. á. gefum yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að Alfred G. Lock frá Lundúnum hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að hann afsali sér rétt þann, sem honum er heimilaður í 2. grein í leigumála þeim, sem gjörður er milli stjórnarráðsins og hans um brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu, sem er þjóð eign, til þess að ganga frá samningnum innan 31. ágúst m. þ. á., svo að hann nú skoðar sig sem bundinn við samninginn án nokkurs skilyrðis, mæluðst vör til að þér, herra amtmaður, gjöríð ráðstöfun til að tæðir brennisteinsnámur verði fengnir Alfred G. Lock samkvæmt 3. gr. smbr. 10 gr., svo fljótt sem verða má, þegar hann beiðist þess, með löglegri skoðunargjörð, og verðið annaðhvort þér að vera þar við fyrir hönd hins opinbera, ef þér eigið hægt með það, eða í öllu falli sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu. Jafnframt og vör sendum yður sitt exemplarið af hverjum af þeim uppdráttum námanna, sem getið er í 3. grein, verðum vör að fá útskrípt af afhendingar-gjörðinni, sem fram fer, þá er námarnir eru fengnir Lock í hendur, þegar að því kemur.

Þessi leigumáli, sem gjörður var 13. ápríl þ. á., er svo látandi :

Eg undirskrifaður Andreas Frederik Krieger, dómsmálaráðherra Hans Hátígnar, konungsins yfir Danmörku, kommandeur dannebrogssorðunnar, dannebrogsmáður og kommandeur af